

**86. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 11. júní 2019 og  
hófst hann kl. 08:10.**

**Fundinn sátu:**

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir varaformaður, Helga Dóra Kristjánsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Geir Sigurðsson og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

**Embættismenn:**

Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi.

Aðalsteinn Egill Traustason mætti ekki og enginn í hans stað.

**Dagskrá:**

**1. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019 - 2019010030**

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 20. maí sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um matvæli (sýklalyfjanotkun), 753. mál. Umsagnarfrestur er til 3. júní nk. Bæjarráð tók erindið fyrir á 1063. fundi sínum 27. maí sl. og vísaði því til umhverfis- og framkvæmdanefndar.

*Umhverfis- og framkvæmdanefnd tekur undir frumvarp til laga um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum, þar sem lagt er til að upplýsingagjöf til neytenda um sýklalyfjanotkun við framleiðslu matvæla sé bætt. Mikilvægt er að tryggja neytendum greiðan aðgang að þeim upplýsingum svo þeir geti byggt ákvarðanir sínar um val á matvælum á réttum upplýsingum.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00**

---

Nanný Arna Guðmundsdóttir

---

Steinunn Guðný Einarsdóttir

---

Geir Sigurðsson

---

Magnús Einar Magnússon

---

Ralf Trylla

